

REGLUGERÐ um takmörkun efna í vélknúnum ökutækjum.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að takmarka notkun tiltekinna skaðlegra málma og málmblanda í vélknúnum ökutækjum.

2. gr.

Gildissvið.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til eftirfarandi vélknúinna ökutækja, sbr. reglugerð um gerð og búnað ökutækja:

- Ökutæki ætluð til fólksflutninga sem hafa átta sæti eða færri fyrir farþega auk ökumannssætis (M1).
- Ökutæki sem ætluð eru til vöruflutninga og eru með leyfða heildarþyngd 3,5 t eða minna (N1).

Ákvæði reglugerðarinnar taka einnig til smíðaefna og íhluta í vélknúin ökutæki sem falla undir 1. mgr.

3. gr.

Takmarkanir.

Óheimilt er að flytja inn, framleiða eða selja vélknúin ökutæki, smíðaefni eða íhluti sem falla undir 2. gr. ef þau innihalda einhver eftirtalinna málma eða málmsambanda: Blý og blýsambönd, kadmíum, sexgilt króm eða kvikasilfur, sbr. þó 4. gr. Ákvæði 1. málsl. nær þó ekki til ökutækja, smíðaefna eða íhluta sem markaðssett voru á EES-svæðinu fyrir 1. júlí 2003.

4. gr.

Undanþágur og merkingar.

Bann samkvæmt 3. gr. nær ekki til smíðaefna og íhluta ökutækja sem tilgreind eru í viðauka með reglugerð þessari.

Heimilt er að endurnota hluti sem falla undir tímabundna undanþágu samkvæmt viðauka, sbr. 1. mgr., eftir að undanþága fellur úr gildi.

Varahlutir markaðssettir eftir 1. júlí 2003 ætlaðir fyrir ökutæki sem markaðssett voru á EES-svæðinu fyrir 1. júlí 2003, eru einnig undanþegnir banni samkvæmt 3. gr. Þessi undanþága gildir þó ekki um blý og blýsambönd í jafnvægislöðum hjóla, kolefnisbursta fyrir rafknúna hreyfla og bremsuföðrun, sbr. þó töflu 2 í viðauka.

Merkja skal sérstaklega eða auðkenna á annan viðeigandi hátt þau smíðaefni og íhluti ökutækja sem innihalda blý, kadmíum, sexgilt króm eða kvikasilfur þegar það er tilgreint í viðauka.

5. gr.

Förgun.

Um förgun vélknúinna ökutækja sem innihalda blý, kadmíum, sexgilt króm og kvikasilfur gilda lög um meðhöndlun úrgangs og reglugerðir settar samkvæmt þeim.

Nr. 506

24. maí 2007

6. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðisnefndir sveitarfélaga, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, hafa eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar.

7. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á eftirfarandi ákvörðunum um breytingar á tilskipun 2000/53/EB, um úr sér gengin ökutæki, sem vísað er til í tl. 32e í V. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2003, þann 17. maí 2003, nr. 36/2006, þann 11. mars 2006 og nr. 50/2006, þann 29. apríl 2006:

- a. Ákvörðun 2002/525/EB, um breytingu á viðauka II við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki.
- b. Ákvörðun 2005/438/EB, um breytingu á viðauka II við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki.
- c. Ákvörðun 2005/673/EB, um breytingu á viðauka II við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki.

Einnig er höfð hliðsjón af tilskipun 2000/53/EB, um úr sér gengin ökutæki, sem vísað er til í tl. 32e í V. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2003, þann 12. júlí 2003.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 396/2003, um takmörkun efna í vélknúnum ökutækjum.

Umhverfisráðuneytinu, 24. maí 2007.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

VIÐAUKI
Smíðaefni og íhlutir sem undanþegin eru ákvæði 3. greinar.

Tafla 1. Blý sem hluti málblendis¹⁾

<i>Notkun</i>	<i>Undanþága gildir til</i>	<i>Smíðaefni og íhlutir sem merkt skulu eða auðkennd í samræmi við 4. mgr. 4. gr.</i>
Í stál til notkunar í vélarhluti og galvanhúðað stál með allt að 0,35% ²⁾ blýinnihald		
Í ál til notkunar í vélarhluti með allt að 1,5% ²⁾ blýinnihald	1. júlí 2008	
Í ál til notkunar í vélarhluti með allt að 0,4% ²⁾ blýinnihald		
Í koparblendi með allt að 4% ²⁾ blýinnihald		
Í legubakka og -fóðringar	1. júlí 2008	

1) Að hámarki 0,1% sem hlutfall af þyngd einsleits málms (0,4% fyrir ál), nema að annað sé tekið fram.

2) Hlutfall af þyngd.

Tafla 2. Blý og blýsambönd í einstökum hlutum ökutækja¹⁾

<i>Notkun</i>	<i>Undanþága gildir til</i>	<i>Smíðaefni og íhlutir sem merkt skulu eða auðkennd í samræmi við 4. mgr. 4. gr.</i>
Í rafgeyma		X
Í titringsdeyfa (dempara)		X
Sem bindiefni með allt að 0,5% ²⁾ blýinnihald fyrir gúmmílíki (teygjuefni) við afl-yfirfærslu		
Í lóðmálmi í prentplötum og öðrum raf-búnaði		X ³⁾
Í kopar í núningshlutum bremsufóðrunar með yfir 0,4% ²⁾ blýinnihald	1. júlí 2007	X
Í ventilsæti	1. júlí 2007 ⁴⁾	
Í rafmagnsíhluti úr gleri eða keramiki, sem innihalda blý, nema gler í perum og glerung í kertum		X ³⁾
Í sprengihleðslur	5)	

1) Að hámarki 0,1% sem hlutfall af þyngd einsleits hlutar nema að annað sé tekið fram.

2) Hlutfall af þyngd.

3) Gildir ef magn efnis fer yfir 60 g samanlagt (rafrásahlutir og vegna lóðunar) eftir sundurhlutun. Gildir ekki um hluti sem komið var fyrir af öðrum en framleiðanda. Á ekki við um þróstirafíhluti í vélum.

4) Gildir um vélar sem þróðar hafa verið fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

5) Gildir um ökutæki viðurkennd fyrir 1. júlí 2006. Gildir einnig um sprengihleðslur sem skipt hefur verið um.

Nr. 506

24. maí 2007

Tafla 3. Sexgilt króm¹⁾

<i>Notkun</i>	<i>Undanþága gildir til</i>	<i>Smíðaefni og íhlutir sem merkt skulu eða auðkennd í samræmi við 4. mgr. 4. gr.</i>
Í tæringarvarnarhúð	1. júlí 2007	
Tæringarvarnarhúð fyrir bolta og rær til að festa saman hluta undirvagna	1. júlí 2008	
Í ísogskæla fyrir húsbíla		X

1) Að hámarki 0,1% sem hlutfall af þyngd einsleits hlutar.

Tafla 4. Kvikasilfur¹⁾

<i>Notkun</i>	<i>Undanþága gildir til</i>	<i>Smíðaefni og íhlutir sem merkt skulu eða auðkennd í samræmi við 4. mgr. 4. gr.</i>
Í úrhleðslulampa og skjái í mælaborði		X

1) Að hámarki 0,1% sem hlutfall af þyngd einsleits hlutar.

Tafla 5. Kadmíum¹⁾

<i>Notkun</i>	<i>Undanþága gildir til</i>	<i>Smíðaefni og íhlutir sem merkt skulu eða auðkennd í samræmi við 4. mgr. 4. gr.</i>
Í rafgeyma fyrir ökutæki knúin rafmagni	1. janúar 2009 ²⁾	X
Í ljóstæknihluti úr gleri, notaða í hjálparkerfum fyrir ökumenn	1. júlí 2007	X

1) Að hámarki 0,01% sem hlutfall af þyngd einsleits hlutar.

2) Eftir 31. desember 2008 verða NiCd rafgeymar aðeins leyfðir sem varahlutir í ökutæki markaðsett fyrir þann dag.